

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 128/540*  
*komudagur 5.12.2002*

Til formanns umhverfisnefndar

Ég vil benda á **villu** í texta frumvarps um breytingar á ýmsum lögum vegna verkefna Umhverfisstofnunar.

Þar setndur síðast í 43. gr. „, Náttúrustofa Austurlands annast vöktun og rannsóknir á hreindýrastofninum *samkvæmt samningi við Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands.* Náttúrustofa Austurlands gerir Náttúrufræðistofnun Íslands grein fyrir niðurstöðu, sbr. lög um Náttúrufræði stofnun Íslands og náttúrustofur".

Þetta verkefni Náttúrustofu Austurlands er **lögbundið** en ekki bundið samningi eins framvarpstextinn segir (sbr. textan sem ég skáletraði). Þetta var gert að lögbundnu hlutverki Náttúrustofu Austurlands með lögum nr. 100/2000 en þar stendur í 14. gr. „,Náttúrustofa Austurlands annast vöktun og rannsóknir á hreindýrastofninum og gerir Náttúrufræðistofnun Íslands grein fyrir niðurstöðum, sbr. lög nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur".

Það getur ekki verið rétt að misræmi sé á milli þessara laga nr 100 frá 2000 sem eru enn í góðu gildi og þess texta sem settur er í ný lög.

Vil ég biðja nefndarmenn Umhverfisnefndar að skoða þetta.

Kveðja

Guðrún Á. Jónsdóttir  
forstöðumaður  
Náttúrustofa Austurlands